

Mætt: Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Anna Jensdóttir, Brynjar Þór Þorsteinsson, Sveinn Valgeirsson, Ingólfur Kjartansson og Ingibjörg Inga.

Ingibjörg Inga bauð fundarmenn velkomna og tjáði fundarmönnum að menntamálaráðuneytið hefði ákveðið að gefa leyfi fyrir rekstri framhaldsdeildar á Patreksfirði frá og með haustinu 2007. Um er að ræða tilraunaverkefni til 4ra ára. Deildin yrði undir stjórn Framhaldsskólans í Grundarfirði. Veitt hefur verið 7 milljónum til verkefnisins á ári, en auk þess 857.850 krónum fyrir hvern nemanda sem kemur til með að stunda nám við deildina. Enn fremur lagði hún fram tölvupóst frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að næsta skref að þeirra hálfu sé að skipa starfshóp 3ja aðila sem sæi um faglegan undirbúning deildarinnar.

Rætt var um hlutverk starfshópsins sem sveitarfélögin skipuðu í ágúst og hvort hlutverki hennar væri lokið þar sem upphaflega hefði það verið hennar hlutverk að vinna að undirbúningi umsóknar um framhaldsdeild og þar sem þeirri vinnu er í raun lokið og búið að samþykkja að stofnsetja framhaldsdeild er verk svið nefndarinnar í framhaldinu óljóst.

Rætt áfram um næstu skref. Fram kom hjá Ingibjörgu Ingu að hún hefði átt gott samtal við Guðbjörgu skólastjóra í Grundarfirði og hún væri mjög ánægð og spennt fyrir þessu verkefni og liti á það sem möguleika en jafnframt væri mikilvægt að vanda mjög til alls undirbúnings á næstu vikum og mánuðum. Einnig að aðilar úr menntamálaráðuneyti ráðgera að koma vestur til að kanna þá aðstöðu/húsnæði sem í boði er fyrir deildina.

Nefndin lýsti yfir ánægju með að verkefnið hefði hlotið brautargengi og þann góða hljómgrunn sem það hefur allstaðar hlotið. Mikilvægt væri að sveitarstjórnir nýttu vel þann tíma sem framundan væri og til að mynda væri mikilvægt að kannað verði á næstu dögum gaumgæfilega hvaða húsnæði er í boði sem hentar starfsemi sem þessari.

Rætt um að senda út dreifibréf til að upplýsa hinn almenna íbúa á Tálknafirði og í Vesturbyggð um stofnun framhaldsdeildar haustið 2007 og enn fremur mikilvægi þess að fundargerðir nefndarinnar verði aðgengilegar í vefjum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Ingólfur Kjartansson
Ritari